57
15. des.

# OPIÐ BRJEF

**er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar 7. febrúar 1925.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vjer samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar laugardaginn 7. febrúar 1925.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

*Gefið á Christiansborgarhöll, 15. desember 1924.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Jón Magnússon.*